

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðasvæði við Lindasiðu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin er að landnotkunarskilgreiningin miðsvæði á reit sem afmarkast af Hlíðarbraut, Austursíðu og Bugðusíðu er felld niður og verður þess í stað íbúðarsvæði á austurhluta reitsins og stofnanasvæði á vesturhluta hans. Við breytinguna færist ennfremur göngustígur milli Bugðusíðu og Hlíðarbrautar suður fyrir íbúðarsvæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, við Hraungerði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að reitur á horni Hraungerðis og Dalgerðis sem er skilgreindur sem óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði verður íbúðasvæði. Auk þess er Dalsgerði breytt í safngötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 17. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, norðurhluti hafnarsvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005 frá 6. mars 1987.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir hafnargarði vestan núverandi hafnar. Jafnframt er vegur meðfram ströndinni færður nær sjó.